

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.oldtunsskoli.is](http://www.oldtunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 24. TBL.

30. MARS 2009

## Falleg lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarfirði fór fram þann 17. mars sl. í Hafnarborg. Margt var á dagskrá keppninnar en aðalatriðið var upplestur 18 nemenda í 7. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar og Álftanesskóla. Höfundar keppninnar í ár voru Brynhildur Þórarinsdóttir og Örn Annarson.

Eftir stranga keppni lesaranna varð þetta niðurstaðan: Í 1. sæti varð Katrín H. Ólafsdóttir í Engidalsskóla, í 2. sæti Andrea Torfadóttir í Öldutúnsskóla og 3. sæti varð Bára L. Þórarinsdóttir, Álftanesskóla, af mörgum góðum lesurum.

Dómnefndin sem valdi sigurvegara í keppninni var skipuð Heiðrúnu Kristjánsdóttur, Símoni Jón Jóhannssyni, Svanhildi Óskarsdóttur (formaður) og Þórhalli Heimissyni.

Á hátíðinni voru jafnframt veitt verðlaun fyrir boðskort keppninnar í ár og hlaut þau verðlaun Óskar Fannar Vilmundarson, 6. bekk Setbergsskóla, en aðeins nemendur í 6. bekkjum gátu tekið þátt í þeirri keppni.



Sigurvegarnir þrír í Stóru upplestrarkeppninni, séð frá vinstri: Bára, Katrín og Andrea.

Einnig voru veitt verðlaun í smásagnakeppni nemenda í 8.-10. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar á hátíðinni. Þau hlutu: Í 1. sæti: *Orð eru óþörf*, eftir Rebekku Þórsdóttur í 8. bekk í Víðistaðaskóla, í 2. sæti *Um alla eilífð*, eftir Elínborgu S. Pálsdóttur í 9. bekk í Setbergsskóla og í 3. sæti *Ein býfluga framleiðir ekki hunang* eftir Hrafnel H. Helgason í 10. bekk í Víðistaðaskóla. Hrafnel hefur átt vinnings sögu í keppninni sl. þrjú ár.

Nemendur úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar fluttu tónlistaratriði við upphaf og í lok hátíðarinnar undir stjórn

kennara sinna.

Stjórnandi hátíðarinnar var Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar en hún hefur einnig á hendi umsjá keppninnar í Hafnarfirði. Þetta er þrettanda árið sem keppnin er haldin en upphaf hennar er í Hafnarfirði. Lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar eru haldnar víða um land og standa þær yfir allan marsmánuð ár hvert.

Formaður dómnefndar kynnr úrslitin.





## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Í síðasta **Skólavefriti** var farið langt með nafn höfundar texta að nýjum skólasöng Setbergsskóla og tjáð að hann væri foreldri í skólanum en það var einnig rangt. Höfundur heitir réttu nafni Bergsteinn Ómar Óskarsson og hann beðinn velvirðingar á mistökunum.

» 10. bekkingar í Víðistaðaskóla standa fyrir fimm leiksýningum um helgina í íþróttahúsi skólans. Þar sýna þeir söngleikinn **Bugsy Malone** og eru sýningar sem hér segir: föstudagur 20. mars kl. 20, laugardagur 21. mars kl. 14 og 17 og sunnudag 22. mars kl. 14 og 17. Verð miða er stillt í hóf eða kr. 1.000 fyrir fullorðna og kr. 500 fyrir grunnskólabörn.

**Sigurður Björgvinsson**, skólastjóri Víðistaðaskóla, leikur á bassagítar í **Bugsy Malone**. Hér (t.h.) er hann á æfingu ásamt nemanda í skólanum fyrr í dag. Myndin neðst er frá söngleiknum. Myndirnar til hliðar eru frá sýningu í Engidalsskóla í dag.



## Vafrar, pósthótt og pdf-skrifrar og lesarar

Fríhugbúnaður vikunnar eru vafrar, pósthótt og pdf-skrifrar/lesarar.

Öllum mökkum fylgir Safari vafrinn þeirra Apple manna og öllum pc-tölvum með windows stýrikerfinu kemur Internet Explorer. Það er þó langt því frá að Explorer sé eini kosturinn því hér eru fleiri möguleikar. Þar má nefna nýja vafrann frá Google, **Chrome**. Sömu leiðis íslenska-ættaða vafrann **Opera** og loks **Firefox** vafrann sem nú er kominn með leiðarkerfið á íslensku. Þá er til skemmtilegur vafrar

sem sérstaklega er ætlaður einhverfum börnum, **ZAC**.

Þeir sem vilja fá sér frí pósthótt geta fengið þau hjá **Google mail**, **Yahoo mail** eða **Hot-mail** þar sem Google hefur forskot. Ef þú vilt stýra þínu eigin pósthótt eru þau til frí, t.d. **Koma-mail**. Þá eru til vefforrit sem sem tengjast pósthóttisþjónustum eins og Google og Yahoo, t.d. mér sérhannaða bakgrunna. Dæmi um slíkt er **IncrediMail**.

Þriðji flokkur forrita í dag eru forrit sem vinna með pdf-skjöl. PDF er sérstakur

**VEFSLÓÐ:** <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

## Fríhugbúnaður

staðall fyrir birtingu efnis á vefsíðum sem hægt er að treysta gagnvart vírusum. Þau hafa einnig þann möguleika að hægt er að læsa þeim og takmarka prentmöguleika. Því er hagkvæmt að hafa forrit sem breyta öllum skjölum í pdf og sum forrit hafa slíkt innbyggt (t.d. OpenOffice). Lang þekktasti lesarinn er **Acrobat Reader** en valmöguleiki er **PDF-Viewer**. Þá er til fríforrit sem búa til pdf-skjöl, t.d. **Primo pdf**, **PDF Creator** og **Pdf995**. **PDF Hammer** býr til pdf-skjöl á vefnum og loks **PDF splitt and Merge** sem sameinar eða slítur sundur PDF-skjöl.

## Tilkynning vikunnar

Minnt er á **Barnakóramót Hafnarfjarðar** í Víðistaðakirkju á morgun. Fyrri tónleikarnir (6-8 ára nemendur) hefjast kl. 14 og þeir síðari kl. 17 (9-12 ára nemendur). Allir velkomnir og frítt inn.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn **27. mars 2009**

## Námskeiðahaldið í næstu viku

**23. mars mánudagur:**

- **Lestur og ritun á yngsta stigi** í Hvaleyrarskóla kl. 15-17.
- **Fæðuþöpol og fæðuöfnæmi** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.
- **Listmeðferð – að efla fagvitund á skapandi hátt** í Setbergsskóla kl. 15-17.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi\\_skolaskrifstofu/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/)



## Námskeiðamál